


Sýning á skapandi hópverkefnum til B.Ed. gráðu

Í dag, mánudag 14. apríl, 2014, kl. 9.30-12, er sýning á  lokaverkefni sem unnið var fyrir skapandi hópverkefni 2014. Skapandi hópverkefni er ný leið sem boðið er upp á í B.Ed. námi Menntavísindasviðs HÍ þar sem nemendur ljúka námi með hópverkefni í stað hefðbundinna lokaritgerða. Nemendur í ár skiptust í hópa sem unnu verkefni í tengslum við neteinelti annars vegar og samskipti bekkjarfélaga á yngsta stigi grunnskóla hins vegar.

Sýnd verður fræðslumynd sem nemendur unnu um neteinelti, kennsluefni í formi brúðuleikhúss um Von og Trausta, sem og vefsíður með fjölbreyttu efni fyrir foreldra, kennara, nemendur og ýmsa fagaðila.



Sýningin er opin öllum og er haldinn í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ v/Stakkahlíð, í stofum K 205, K 206 og K 208.

Nánari upplýsingar um verkefnin eru að finna á vef [Skapandi hópverkefnis: http://skrif.hi.is/skapandihopverkefnibed/](http://skrif.hi.is/skapandihopverkefnibed/)



#menntaspjall um samstarf innan og milli skóla

Í [#menntaspjall](#) sunnudaginn 6.apríl kl.11.00 ræðum við tækifæri og hindranir í samvinnu, heyrum vonandi af áhugaverðum verkefnum, mótum hugmyndir og gefum skólafólki tækifæri á að ræða saman.

Gestastjórnandi þennan sunnudaginn (6.apríl 2014) verður Anna María Þorkelsdóttir (@Kortsen), dönskukennari og verkefnastjóri í Hólabrekkuskóla.



#menntaspjall

Sunnudaginn 6.apríl

kl.11.00 á www.twitter.com um:

Samstarf innan skóla
og á milli þeirra.

Gestastjórnandi: Anna María Þorkelsdóttir (@Kortsen)



Spurningarnar verða:

Hvernig er hægt að auka samvinnu starfsfólks innan skóla?

(Dæmi eða hugmyndir)

Eru ykkar skólar markvisst í þverfaglegum verkefnum? Ef já, hvernig? Ef nei, af hverju ekki?

Hvernig verkefni dettur þér í hug að skólar gætu unnið í samstarfi?

Hvaða hagur væri af því að auka slíkt samstarf?

Hvernig getum við nýtt tæknina til að vinna saman?

Aukaspurninging ef tími gefst: Hvaða kostir/gallar eru við það að mismunandi árgangar starfi saman?



UT-Torg: Menntabúðir II 2014 – fréttir



Þriðjudaginn 25. febrúar voru haldnar menntabúðir í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, yfirskriftin var „Múkk, múður og miklu meira. Góð þátttaka var og framlögin af fjölbreyttum toga.

Svæðinu var skipt upp í 4 stöðvar og umfjöllunarefni þeirra voru eftirfarandi: [Thinglink](#) og smáforrit í sérkennslu, [Spiderscribe](#) (hugarkortsforrit) og [Typingweb](#) (vélritunarkennsla), reynsla af [xMOOC námskeiðum hjá Coursera](#), upplýsingatækni í heimspekikennslu og samfélagsgreinum, Moodle – [netnam.reykjavik.is](#), hugstormun/skipulag atburða á vegum íslensku opnu menntaefnishreyfingarinnar (#IceOER), kynning á MOOC Linda o.fl., <a class="colorbox" title="Doceri



Kjósum umræðuefni fyrir næsta

#menntaspjall

[#menntaspjall](#) fer fram næstkomandi sunnudag, 6. apríl, 2014, kl. 11-12. Áhugasamir geta hjálpað okkur að ákvarða umræðuefni með því að [taka þátt í kosningu hér](#). Velja má fleiri en eitt umræðuefni. Stjórnendur gera sitt besta til að fylgja niðurstöðum kosninga en endanlegt val á umræðuefni er háð því að einhver fáist til að stýra umræðunum.



Raffréttabréf eTwinning á Íslandi

Raffréttabréf landskrifstofu eTwinning á Íslandi fyrir apríl 2014 er komið á netið. Þar má finna fróðlegar greinar um áhugaverð eTwinning verkefni, eTwinning námskeið sem eru framundan og fréttir sem tengjast eTwinning áætluninni. Meðal efnis sem birtist í nýjasta hefti fréttabréfsins er umfjöllun um verkefni sem Leikskólinn Holt hefur tekið þátt í, vinnustofur sem haldnar verða á næstunni og kynningar á nýjum eTwinning fulltrúum sem áhugasamir geta leitað til eftir frekari upplýsingum um áætlunina.



eTwinning er áætlun á vegum Evrópusambandsins sem ætlað er að styðja við notkun skólafólks á upplýsingatækni í námi og kennslu. [Ítarlegri upplýsingar um eTwinning áætlunina er að finna á vef landskrifstofunnar.](#)

